

## Stjórnarfundur

**23. Janúar 2018 kl. 20:00**

*Mættar eru: Eva formaður, Rebekka ritari, Guðrún María meðstjórnandi og Klara meðstjórnandi.*

- Rætt um að stjórnin ætti að hafa aðgang að skólahúsnæði fyrir fundi. Það hefur alltaf verið einhver í stjórninni sem hefur getað opnað skólann en núna er enginn. Rætt um að athuga hvort hægt sé að redda þessu þannig að fundirnir þurfi ekki að vera í heimahúsi.
- Síamál. Margir skólar farnir að taka upp reglur um símanotkun. Haft var samband við kennara í skóla úti á landi sem er með því að símar séu leyfðir í skólum og kom hann með mjög góð rök með því að leyfa símanotkun. Stjórnin er sammála um að þetta sé mjög vandmeðfarið viðfangsefni.
  - Rætt var við annan kennara sem segir að síminn virki mjög vel fyrir börn sem eiga erfitt með að einbeita sér, þau fái hann til að hlusta á tónlist. Ef einhver fer yfir strikið í símanotkun þá sé síminn settur í sérstakan vasa. Sá kennari telur símanotkun inni í kennslustofum ekki vera vandamál.
  - Rætt um jafnvægi á milli kennara. Of mikið leyft. Reglur beygðar og sveigðar. Ef að börnin eiga að fara eftir reglum þá verða kennararnir að gera það líka.
  - Skólareglur þarf í hverja stofu eftir að skólanámsskrá er endurskoðuð.
  - Stjórnin er sammála um að skólinn sé ekki að fara að banna síma.
  - Hugmynd um að fá aðstoð Stuðboltanna fyrir símalausa viku, að þeir myndu þá vera með leiki, spil og fleira.
  - Það þyrfti þá að fá kennarana með í lið við að safna saman símunum í fyrsta tíma og þeir yrðu þá geymdir í símavösunum.
  - Hvernig eru reglur um símanotkun kennara? Eru reglur? Eru allir upplýstir um reglurnar?
- Árgangafulltrúar – boða til fundar fyrir seinni bekkjarhitting vetrarins.

- Samkvæmt ósk sem borin var fram á Aðalfundi foreldrafélagsins þann 11. október 2017 og var þess efnis að Stjórn Foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur beitti sér gegn símanotkun í skólanum, hefur stjórnin komist að þeirri niðurstöðu að best sé að vinna þetta mál á vettvangi Skólaráðs.

Áherslur stjórnarinnar munu vera:

- 1. Að banna ekki síma í skólanum heldur vinna að sameiginlegum, skýrum reglum þar sem símanotkun er takmörkuð.**
- 2. Að kennarar og annað starfsfólk hafi sambærilegar reglur og nemendur, þar sem til dæmis sé bannað að taka myndir og senda snöpp af nemendum skólans, og sé einnig gert að skrifa undir símanotkunarsamning.**
- 3. Við viljum sjá breyttar símareglur þannig að bæði miðstig og elsta stig falli undir sömu skilmála.**

**Okkar tillögur að breyttum símareglum eru:**

- a. Símalaus einn dagur í viku.**
- b. Símalaus vika einu sinni í mánuði í samstarfi við Vinaliða þannig að virkara félagsstarf verði viðhaft.**
- c. Að foreldrar hvetji börn sín til að skilja síma eftir heima þessa daga ellegar verða þeir geymdir í þar til gerðum símavösum í skólastofum.**

**d. Að endurskoðuðum skóla/símareglum verði reglurnar gerðar sýnilegar á veggspjöldum inni í skólastofum og á göngum skólans.**

Varðandi viðurlög við brotum á símanotkunarreglum þá vill stjórnin að þau séu ákveðin í samstarfi við nemendur og kennara.

Stjórnin leggur til að gerð verði tilraun þar sem til reynslu verði prófað að hafa símalausan dag einu sinni í viku t.d. frá 1. mars fram á vor og meta svo eftir þann tíma hvort að áframhaldandi stefna verði viðhöfð næsta skólaár.

**\*Nemendur mega mæta með símana í skólann en þeir verða geymdir í þar til gerðum vösum í skólastofunni á meðan frímínútur og hádegismatur eru.**

**\*Tillögur stjórnarinnar eiga eingöngu við 4-10 bekk Grunnskóla Grindavíkur.**

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 22:30